



+120 lönd



+1200
sérfræðingar



+20
tækninefndir



Stofnað
1909

ALÞJÓÐASAMVINNA UM VEGAGERÐ OG VEGASAMGÖNGUR





VIÐFANGSEFNI OKKAR

ALLT SEM SNÝR AÐ VEGAGERÐ OG VEGA - SAMGÖNGUM – TENGD EFNI

UMFERÐARÖRYGGI

NÝ NOTKUN VEGAMANNVIRKJA

SAMGÖNGUSTEFNA

FJÁRMÖGNUN

ÖRYGGI

FRAMMISTAÐA SAMGÖNGUYFIRVALDA

VEGYFIRBORD

REKSTUR JARÐGANGA

UMHVERFI

SAMTENGD ÖKUTÆKI

AÐFERÐIR VIÐ ÞJÓNUSTU OG REKSTUR

REKSTUR SAMGÖNGUKERFA

ÞUNGAFLUTNINGAR

VIÐBRÖGÐ VEGNA HAMFARA
OG STJÓRNUN

VETRARÞJÓNUSTA

SEIGLA/
SVEIGJANLEIKI

BRÝR

SAMGÖNGUR SEM NÝTA
TÖLVUGREIND

UMFERÐARMINNI VEGIR

JARÐVINNA

FJÖLBREYTNÍ

STJÓRNUN EIGNFÆRÐS
VEGAKERFIS

HREYFANLEIKI Í ÞÉTTBÝLI

...



Vegir eru elsta form samgangna og enn fara meira en 80% allra ferða um vegi í flestum löndum. Sífelldu eru gerðar strangari kröfur til vegakerfisins, auknar kröfur vegna flutninga, nýjunga, samfélagslegs þrýstings, hagræðingar og notkunar fjárveitinga.

Sérfræðingar, rannsóknarfólk og starfsmenn víða um heim vinna að þessum verkefnum með það að markmiði að móta og útfæra viðbrögð við því sem komið getur upp.

Alþjóðasamvinna er öflugt tæki í því augnamiði.

- **Í stað þess að hver finni upp hjólið er upplýsingum og niðurstöðum miðlað á fundum og með góðri samvinnu sérfræðinga, hvers á sínu sviði, sem sparar bæði tíma og peninga,**
- **Settar eru fram spurningar við framkomnum hugmyndum sem kallar á mögulega nýja nálgun, eða aðrar niðurstöður, nýjar hugmyndir,**
- **Samvinna af þessum toga auðveldar þátttakendum að kynna vinnubrögð síns lands.**

PIARC, alþjóðavegasambandið, var sett á stofn árið 1909 til að koma á slíkri samvinnu varðandi allt það er snertir vegagerð. Alþjóðavegasambandið er ópólitískt og skilar ekki hagnaði. Það býr til net sérfræðinga allsstaðar að úr heiminum, færir þeim tæki til að vinna saman og gefur út tillögur þeirra og skýrslur. Allt þetta er gert í samhengi þéttofinnar samvinnu og sjálbærni í samgöngum.

Auðvelt er að nálgast niðurstöður og vinnu sérfræðinganna sem einbeita sér að óskum og kröfum meðlimaríkjanna. Fyrst og fremst er um að ræða stjórnvöld ríflega 120 landa.



MARKMIÐ OKKAR


BJÓÐA UPP Á ALÞJÓÐLEGAN VETTVANG FYRIR GREININGAR OG UMRÆÐU UM EFNI SEM SNERTA VEGAGERÐ OG SAMGÖNGUR

- Alþjóðleg ráðstefna PIARC hefur verið haldin á fjögurra ára fresti síðan árið 1908.
Í Abu Dhabi í Sameinuðu arabísku furstadæmunum árið 2019;
í Prag í Tékklandi árið 2023.
- Alþjóða vetrarráðstefnan.
Í Gdansk í Póllandi árið 2018;
í Calgary í Kanada árið 2022.
- 1200 alþjóðlegir sérfræðingar
- Ríflega 20 tækninefndir og verkefnahópar
- Fastir fundir framkvæmdastjórnar og ráðs
- Fundir í hverju landi fyrir sig – landsnefndir



SKIPST ER Á UPPLÝSINGUM UM BESTU LEIÐIR OG AÐGANGUR GEFINN AÐ UPPLÝSINGUM HVAÐNÆVA AÐ ÚR HEIMINUM

- Útgáfa skýrsla, ókeypis aðgangur – einu sinni í mánuði
- Tímaritið Routes/Roads kemur út fjórum sinnum á ári
- Ráðstefnur – jarðgöng, einkenni slitlaga
- Stytttri samantektir (*sérverkefni*)



GRIPID ER TIL AÐGERÐA FYRIR ÞRÓUNARRÍKI OG RÍKI SEM GANGA Í GEGNUM BREYTINGAR

- Skilyrði sem fylgja verkefnum okkar
- Alþjóðavinnustofur – ein á sex vikna fresti
- Svæðisbundnir vinnuhópar
- Fjárhagslegur stuðningur



ÞRÓUN OG KYNNING Á ÁHRIFARÍKUM TÆKJUM TIL AÐ AUÐVELDA ÁKVARÐANATÖKU VARÐANDI VEGAGERÐ OG SAMGÖNGUR

- Flaggskipið er vegorðabók fyrir fjölda tungumála
- HDM-4: Viðhaldsstefna og hugbúnaður fyrir fjárfestingagreinar
- DG-QRAM: Tæki til að stýra flutningi hættulegra efna í jarðgöngum
- Vefleiðbeiningar eftir efnum: Umferðaröryggi, rekstur jarðganga, utanumhald eigna vegakerfisins, rekstur nets og samgangna þar sem gervigreind er nýtt





HVERNIG VINNUM VIÐ?



Tækninefndirnar og **verkefnahóparnir** eru sýnilegastir af því sem er gert hjá PIARC

Saman koma meira en 1200 sérfræðingar allsstaðar að úr heiminum, sem gerir PIARC að stærsta samkomustað sérfræðinga í vegagerð í heiminum. Vinnan felst í tveimur árlegum fundum og vinnustofum í ríkjum með litlar eða meðaltekjur, þar sem síðan allt efni er gefið út í skýrslum um forgangsefni tæknilegra úrlausna.

Meirihluti efnis er fánlegur á ensku, frönsku og spænsku – sem eru þrjú opinber tungumál PIARC – og stundum einnig á öðrum tungumálum.



SAMSTARF

PIARC sækist ákveðið eftir samstarfsaðilum með það að leiðarljósi að vegir séu lykilþáttur í samgöngukerfum, tryggir að útgáfa og niðurstöður rannsókna sé dreift víða, til að ýta undir að bestu aðferðum sé jafnan beitt, tryggir að útgáfu og niðurstöðum rannsókna í vegagerð, samhæfir aðgerðaráætlanir og mótar sameiginlegar aðgerðir.

Landsnefndir PIARC: Vegagerðir aðildarríkja hafa sett á laggirnar landsnefndir í meira en 40 löndum.

Svæðisbundin samtök: CEDR í Evrópu, AGEPAR í frönskumælandi Afríku, REAAA í Asíu og DIRCAIBEA í Rómönsku-Ameríku.

Samtök vegna þróunarríkja eru m.a. Alþjóðabankinn, Þróunarbanki Asíu, Þróunarbanki Rómönsku-Ameríku o.s.frv.

Alþjóðleg samtök tæknifólks: TRB (Bandaríkin), Alþjóða jarðganga og undirganga samtökin (ITA-AITES), FISITA o.s.frv.



AFHVERJU AÐ GANGA Í PIARC?

TIL AÐ TAKA ÞÁTT Í...

- Viðburðum okkar
- Samvinnu um vegagerðarverkefni á alþjóðavísu
- Tækninefndum og verkefndahópum
- Greina vandamál í vegagerð

AÐGANGUR FÆST AÐ...

- Routes/Roads tímaritinu
- Bókasafni á vefnum
- Vegorðasafni á vef
- Hugbúnaðarlausnum

Það eru nokkrir möguleikar á þátttöku: T.d. stjórnvöld (vegagerðir), svæðisbundin stjórnvöld, fyrirtæki eða háskólar, einstaklingar



PIARC TEYMIÐ

Ráðið

**Ábyrgð
á rekstri
sambandsins**

Ráðið er skipað
fulltrúum allra
meðlimslanda, sem
skipa hvert sinn
aðalfulltrúa

Forsetinn

**KosiNn af
ráðinu**

Fjögurra ára tímabil

Framkvæmda- stjórnin

**Stýrir
sambandinu**

Aðstoð frá nokkrum
nefndum

PIARC skrifstofan

**Samræmir
allar aðgerðir**

Staðsett í París í
Frakklandi

Forsvarsmenn
og sérfræðingar
koma frá nokkrum
meðlimslöndum

Starfsmenn

www.piarc.org

- Halið niður útgefnu efni



- Fylgið PIARC á samfélagsmiðlum



- Gerist áskrifendur að fréttabréfi PIARC

